

## Úrskurður nr. 2/2009

**Kærður er hluti endurákvörðunar sem birt var í úrskurði 3/2009 END 8016. Tollstjóri féllst á kröfu kæranda. Ríkistollanefnd staðfesti þá niðurstöðu.**

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags. 8. apríl 2009 sem barst nefndinni sama dag kærir L. f.h. A., úrskurð tollstjóra nr. 3/2009 END 8016. Í úrskurðinum endurákvörðar tollstjóri gjöld af þremur sendingum. Kæran tekur til sendingar F 782 25 10 5 US JFK 4300 en tollstjóri taldi að röng upphæð hafi verið tilgreind í reit 20 á aðflutningsskýrslu (Heildarfjárhæð reikn.). Kærandi krefst þess að þessi krafa tollstjóra verði felld úr gildi þar sem aðflutningsgjöld af sendingu F 782 25 10 5 US JFK 4300 hafi verið að fullu greidd.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a að með bréfi tollstjóra, dags. 6. janúar 2009 hafi innflytjanda verið tilkynnt að til þess gæti komið að gjöld yrðu endurákvörðuð af neðangreindum sendingum:

Sendingarnúmer.	Tollafgreiðsludagur.
F 741 16 04 3 GB EDI D077	29.04.2003
F 782 25 10 5 US JFK 4300	26.10.2005
A 974 15 11 5 BE BRU D052	24.11.2005

Um sendingu F 782 25 10 5 US JFK 4300 segir í hinni kærðu endurákvörðun að röng upphæð sé skráð í reit nr. 20 á aðflutningsskýrslu (heildarfjárhæð reiknings). Í afgreiðslu nr. 1 var upphæðin ranglega skráð sem EUR 14.714,75 en samkvæmt reikningi nr. 7500000901 frá Alcatel í Noregi eigi upphæðin að vera EUR 29.269,30. Samkv. aðflutningsskýrslu er FOB-verð á tollskrárnúmeri 8504-4000 EUR 823,91. Samkv. reikningi ætti sú upphæð að vera EUR 14.943,75. Þarna er því mismunur upp á EUR 14.119,84. Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingarinnar séu því:

XC- Vörugjald 15%	kr. 4.268,00
QA- gjald (0,15% af tollverði	kr. 1.714,00
Virðisaukaskattur 24.5%	kr. 273.295,00
Dráttarvextir til 31.05.2008	<u>kr. 207.086,00</u>
<b>Samtals</b>	<b>kr. 486.363,00</b>

Í kærinni segir m.a. að kærður sé til ríkistollanefndar hluti úrskurðar Tollstjóra nr. 3/2009, dags. 9. febrúar 2009 þ.e. sá hluti er varðar endurákvörðun á aðflutningsgjöldum af sendingu með sendinganúmer F 782 25 10 5 US JFK 4300. Kærandi krefst þess að nefndin felli úr gildi þann hluta hins kærða úrskurðar tollstjóra er varðar vangreidd aðflutningsgjöld af nefndri sendingu og tollstjóra gert að endurgreiða kæranda aðflutningsgjöldin, ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum samtals kr. 486.363,00 ásamt vöxtum frá 27. febrúar 2009 til greiðsludags.

Um málsatvik segir í kærinni að þann 21. september 2005, 23. september 2005 og þann 26. október 2005 hafi kærandi gert tollskýrslur vegna reiknings dags, 19. september 2005 frá Alcatel að upphæð EUR 29.269,30. Á tollskýrslu dags. 21. september 2005 var tollafgreiddur hluti reiknings að upphæð EUR 14.479,84, á tollskýrslu dags. 23. september 2005 var tollafgreiddur hluti sama reiknings að upphæð EUR 74,91 og á tollskýrslu dags. 26. október 2005 hafi verið tollafgreiddur hluti sama reiknings að upphæð EUR 14.714,75. Alls var því tollafgreidd heildarfjárhæð reikningsins EUR 29.269,50 á þessum þremur tollskýrslum.

Skuldfærslutilkynningar um SMT-tollafgreiðslu vörusendingar og skuldfærslu aðflutningsgjalda á innflytjanda eru dagsettar 22. september 2005 og 26. október 2005.

Þá segir að með bréfi dags. 6. janúar 2009 hafi Tollstjóri tilkynnt að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga: F 741 16 04 3 GB EDI D077, F 782 25 10 5 US JFK 4300 og A 974 15 11 5 BE BRU D052. Tollstjóri byggði úrskurð sinn að því er varðaði vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar: F 782 25 10 5 US JFK 4300 á því að röng upphæð hafi verið skráð í reit nr. 20 á aðflutningsskýrslu (heildarfjárhæð reiknings). Upphæðin hefði verið ranglega skráð sem 14.714,75 en samkv. meðfylgjandi reikningi nr. 7500000901 frá Alcatel í Noregi eigi upphæðin að vera EUR 29.269,30. Veittur var frestur til 26. janúar 2009 til andmæla og framlagningar gagna.

Bréfið hafi hins vegar misfarist innanhúss hjá kæranda og því voru andmæli og gögn ekki send tollstjóra sem kvað upp hinn kærða úrskurð þann 9. febrúar s.l.

Kærandi segist hafa farið þess á leit við Tollstjóra að fá að koma að gögnum er sýndu að aðflutningsgjöld vegna sendingar F 782 25 10 5 US JFK 4300 hefðu að öllu leyti verið greidd en var bent á að neyta kærheimildar í 118. gr. tollalaga.

Kærandi greiddi þann 27. febrúar 2009 Tollstjóra hin meintu vangoldnu gjöld í samræmi við hinn kærða úrskurð með fyrirvara um niðurstöðu ríkistollanefndar.

Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi og honum endurgreidd hin endurákvörðuðu aðflutningsgjöld af sendingu F 782 25 10 5 US JFK 4300 ásamt dráttarvöxtum þar sem greiðsla aðflutningsgjalda hafi verið innt af hendi þegar hinn kærði úrskurður var kveðinn upp.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 14. apríl 2009. Í svari sem barst nefndinni þann 8. maí 2009 segir m.a. að eins og fram komi í málavaxtalýsingu kæranda sendi Tollstjóri honum bréf, í ábyrgðarpósti, dags. 6. janúar 2009, með tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun. Á bréfinu, sem kærandi lagði fram með kæru sinni, er móttökustimpill A. Samkvæmt honum barst bréfið kæranda þann 7. janúar 2009. Í kærinni kemur fram að bréfið hafi misfarist innanhúss hjá kæranda, án þess að gerð sé grein fyrir af hvaða toga mistökin hafi verið og hver sé ástæða þeirra. Það sé því ljóst að þau gögn, sem kærandi hefur nú sent inn og byggir mál sitt á lágu ekki fyrir þegar hinn kærði úrskurður um endurákvörðun gjalda var gerður.

Af gögnum þeim sem kærandi sendi inn með kærinni sést að um er að ræða einn reikning og þá væntanlega eina pöntun, sem send var í þrennu lagi, þ.e. með sendingum nr. F 782 25 10 5 US JFK 4300, F 784 04 09 5 US JFK 9450 og F 630 30 08 5 US BOS 8946. Miðað við þau gögn sem fyrir liggja, var heildarreikningur lagður til grundvallar hverri sendingu, að þeim hluta heildarupphæðarinnar sem viðkomu þeirri sendingu sem við átti í hvert skipti. Tollstjóri bendir á að í reikningnum komi ekkert fram sem bendi til þess að pöntunin yrði afgreidd með því að senda hana í fleiri

en eina sendingu. Þá sé engin athugasemd á aðflutningsskýrslunum sem gefið gæti til kynna að um væri að ræða hluta af pöntun og því aðeins um hluta þess verðmætis sem pantað var. Tollakerfið byggir á sendingarnúmerum, vörureikningar sem og önnur fylgiskjöl fylgi aðflutningsskýrslum og því hafi ekki verið nokkur leið fyrir starfsmann Tollstjóra að gera sér grein fyrir að um fleiri en eina sendingu var að ræða sem afgreidd var með einum heildarreikningi. Þar sem engar upplýsingar lágu fyrir frá kæranda þegar úrskurður var gerður, þrátt fyrir að tilkynning hafi verið send og frestur til andmæla veittur, sé ekki hægt að fallast á þá skoðun kæranda að Tollstjóra hafi mátt vera ljóst að fjárhæð reikningsins hafi verið tollafgreidd í þrennu lagi.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að þar sem um ný málsgögn sé að ræða, sem ekki lágu fyrir þegar úrskurður var gerður, sem sýni fram á að um einn heildarreikning var að ræða sem sendur var, en afgreiddur með þremur mismunandi sendingum, sem hver um sig var tollafgreidd undir eigin sendingarnúmeri, fellst embætti Tollstjóra á að úrskurði nr. 3/2009 END 8015 verði breytt á þann hátt að sá hluti hans, er varðar sendingu nr. F 782 25 10 5 US FJK 4300 verði felldur niður og þau gjöld sem greidd voru verði endurgreidd kæranda þ.e. vörugjald, QA-gjald, virðisaukaskattur og dráttarvextir, alls kr. 486.363,00.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og nefndarmenn hafa kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Kærður er hluti úrskurðar tollstjórans í Reykjavík nr. 3/2009 END 8016. Úrskurðurinn tekur til þriggja sendinga og beinist kæran að einni þeirra þ.e. sendingu nr. F 782 25 10 5 US JFK 4300.

Í gögnum kæranda kemur fram að við vörukaup hjá fyrirtækinu Alcatel var pöntun afgreidd í þrem sendingum en gefinn út einn heildarreikningur nr. 7500000901. Sendingarnar voru síðan tollafgreiddar samkvæmt innkaupsverði þeirra hluta sendingarinnar sem við áttu og afgreiddar voru.

Tollstjóri sendi kæranda bréf, dags. 6. janúar 2009, með tilkynningu um fyrirhugaða endurákvörðun í ábyrgðarpósti. Bréfið mun hafa misfarist hjá kæranda og kom hann ekki skýringum fram við tollstjóra innan þeirra tímamarka sem honum voru settir. Að fengnum skýringum kæranda sem ekki lágu fyrir þegar úrskurður var gerður, fellst tollstjóri á að úrskurði nr. 3/2009 END 8015 verði breytt á þann hátt að sá hluti hans, er varðar sendingu nr. F 782 25 10 5 US FJK 4300 verði felldur niður og þau gjöld sem greidd voru verði endurgreidd kæranda.

Nefndarmenn telja ljóst af þeim gögnum sem kærandi sendi með kærinni að aðflutningsgjöld vegna vörukaupa frá fyrirtækinu Alcatel á reikningi nr.7500000901 séu að fullu greidd með tollafgreiðslum á sendingum nr. F 782 25 10 5 US JFK 4300, sendingu nr. F 784 04 09 5 US JFK 9450 og sendingu nr. F 630 30 08 5 US BOS 8946. Nefndarmenn fallast á kröfu kæranda um að honum verði endurgreidd þau gjöld sem honum voru ákvörðuð af sendingu nr. F 782 25 10 5 US JFK 4300 í hinni kæru endurákvörðun nr. 3/2009 END8016 samtals kr. 486.363,00 .

Ríkistollanefnd fellst á kröfu kæranda, með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005, um að honum verði endurgreidd endurákvörðuð aðflutningsgjöld af sendingu nr. F 782 25 10 5 US JFK 4300, vegna endurákvörðunarinnar sem fram var sett í úrskurði 3/2009 END 8016, alls kr. 486.363,00.

